

# LÖG PÍLUKASTFÉLAGS HAFNARFJARÐAR

## 1. gr.

Félagið heitir Pílukastfélag Hafnarfjarðar, skammstafað PFH og aðsetur þess er í Hafnarfirði. Varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að iðka, efla og skipuleggja pílukast í Hafnarfirði og nágrenni, ásamt því að stuðla að þróun og bættu aðgengi að íþróttinni. Einnig mun félagið vinna í uppbyggingu á pílukesti fyrir ungmenni á svæðinu.

## 3. gr.

Félagsmaður getur hver sá orðið sem þess óskar. Félagsmaður telst ekki fullgildur nema við greiðslu árgjalds. Félagsmaður samþykkir að fara eftir settum leikreglum, umgengisreglum og siðareglum félagsins. Viðurlög við brot á þessum reglum geta verið áminning, tímabundið bann við leik eða brottvísun úr félaginu, séu brot ítrekuð eða alvarleg.

## 4. gr.

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert. Skal fjárhæðin taka gildi á næsta almanaksári, og koma til innheimtu í byrjun þess árs. Innifalið í árgjaldinu skal vera árgjald til Íslenska Pílukastbandsins.

## 5. gr.

Málefnum félagsins stjórna:

- Aðalfundur félagsins fer með æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málefnum.
- Stjórn.

## 6. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm félagsmenn: Formann, ritara sem kosnir eru á sléttum ártölum, varaformann, gjaldkera og meðstjórnanda á oddatöluárum. Kosning skal vera skrifleg, komi fram ósk þess efnis. Enn fremur skal kjósa tvo varamenn og skoðunarmann reikninga.

## 7. gr.

Formaður boðar til stjórnafunda, og skulu þeir vera að lágmarki tvisvar á ári. Stjórninni ber að gæta hagsmuna félagsins í öllum greinum. Hún hefur umráð yfir eignum og boðar til funda. Stjórnin getur enga fullnaðar ákvörðun tekið nema þrír stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin getur vikið mönnum úr félaginu álíti hún framkomu þeirra í félaginu til vansa. Þó getur viðkomandi óskað þess að málið sé tekið fyrir á félagsfundi.

## 8. gr.

Reikningar félagsins miðast við áramót. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 9. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Pílukastfélags Hafnarfjarðar.

Aðalfundur skal halda ár hvert, ekki síðar en 1. mars, og félagsfundi svo oft sem stjórnin ákveður eða skrifleg ósk kemur frá eigi færri en tíu félagsmönnum. Til aðalfundar skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað, án tillits til þess hversu margir mæta. Á fundinum hafa allir atkvæðisrétt sem eru skuldlausir aðilar að félaginu. Óski meðlimir PFH eftir að kosningabær mál fái sérstaka umfjöllun skal það tilkynnt stjórn eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Stjórn ber að koma þeim málum á framfæri til allra meðlima eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund. Félagsmenn sem eru ekki fullra 18 ára, hafa ekki atkvæðisrétt um sérstök málefni svo sem þau sem að eru af fjárhagslegum toga, þeim félagsmönnum er leyfilegt að hafa forráðamann meðferðis á aðalfundi.

Á aðalfundi eða félagsfundum skal kjósa sérstakan fundarstjóra, og fundarritara. Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
4. Ákvörðun árgjalds.
5. Lagðar fram tillögur að breytingum laga og reglugerða félagsins, ef um er að ræða.
6. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanns, skv. 6. gr. laga félagsins.
7. Önnur mál.
8. Fundargerð.
9. Fundarslit.

Í kosningum ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

### **10. gr.**

Merki félagsins skal vera það er kosið var og samþykkt á aðalfundi félagsins í júní 2020. Merkið er hannað af Kristni Geir Pálssyni sem er réttihafi þess og er óheimilt að breyta á nokkurn hátt. Merkið er svartur skjöldur/grunnur (pílufjöður) með „PFH“ í hvítu og appelsínugulri pílu skáhalt í gegn. Einkennislitir PFH eru appelsínugulur og svartur/hvítur og má nota merkið með eða án grunnsins eins og við á og bæði í lit og einlitt í einkennislitum félagsins. Merkið og litir eru aðgengilegir félagsmönnum í skjali á heimasíðu félagsins og/eða Facebook-hópi félagsmanna. Merkið skal vera eign PFH frá júní 2020.

### **11. gr.**

Lögum þessum má eingöngu breyta á aðalfundi félagsins og þá með 2/3 hlutum atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra félagsmanna.

### **12. gr.**

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til hagsbóta fyrir félagsmenn skv. 2. gr. samþykktar.

### **13. gr.**

Tillögur um að leggja félagið niður skal taka fyrir á lögsmætum aðalfundi og þarf samþykktar minnst 2/3 hluta atkvæða.

Við slit félagsins renna eignir þess til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.



[Type here]

*Kt. 580598-2509*

## **Önnur ákvæði:**

Um þau atriði sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).